

SAMNINGUR UM SKIPTINGU ELLILÍFEYRISGREIÐSLNA OG TILKYNNING TIL LÍFEYRISSJÓÐA

Samningsaðilar

| | | | |
|---------------|--|---------------|--|
| Nafn: | | Nafn: | |
| Kennitala: | | Kennitala: | |
| Heimilisfang: | | Heimilisfang: | |
| Netfang: | | Netfang: | |
| Sími: | | Sími: | |

TILKYNNING TIL LÍFEYRISSJÓÐA

Samningsaðilar skuldbinda sig til að tilkynna um samning þennan til þeirra lífeyrissjóða sem í hlut eiga.

Við samningsgerð geta aðstæður samningsaðila verið á þann veg að lífeyristaka annars/beggja er ekki hafin eða ekki hafin frá öllum þeim sjóðum sem samningsaðilar eiga réttindi í. Samningsaðilar bera ábyrgð á því að fylgja samningi þessum eftir gagnvart öllum þeim sjóðum sem samningurinn tekur nú til og kann að taka til í framtíðinni.

SKIPTING ELLILÍFEYRISGREIÐSLNA

- Samningur þessi tekur til jafnrar og gagnkvæmrar skiptingar á milli okkar á ellilífeyrisgreiðslum hvors okkar og skal fara fram samkvæmt ákvæði í 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997.
- Ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hvors aðila um sig, skulu allt að hálfu renna til maka (eða fyrrverandi maka eigi það við). Við andlát þess samningsaðila sem fellur fyrr frá stöðvast skipting. Ellilífeyrisgreiðslur þess látna falla því niður í heild en eftirlifandi maki fær ellilífeyrisgreiðslur sínar að fullu án skiptingar.
- Hlutfall skiptingar: Samningur þessi tekur til _____ % af ellilífeyrisgreiðslum okkar (ath. mest 50%).

UPPSÖGN

Hvor samningsaðili getur sagt samningi þessum upp með þriggja mánaða fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg og send þeim lífeyrissjóðum sem í hlut eiga. Mikilvægt er að samningsaðilar sjálfir fylgi eftir framkvæmd uppsagnar hjá hverjum og einum lífeyrissjóði.

STAÐFESTING Á AÐ HAFNA KYNNT SÉR ÁHRIF SAMNINGS.

Samningsaðilar staðfesta með undirskrift sinni að þeir hafi kynnt sér áhrif samnings þessa á ellilífeyrisréttindi sín og efni þeirra lagaákvæða, sem samningur þessi byggist á, sem er einkum 3. mgr. 14. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.

Aðilar staðfesta að hafa kynnt sér réttindi sín í séreignardeildum lífeyrissjóða og er ljóst að samningur þessi tekur alla jafna ekki til þeirra réttinda. Jafnframt staðfesta aðilar að hafa kynnt sér réttindi sín til ellilífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins og áhrif samnings þessa á þau réttindi.

Til staðfestu öllu framangreindu rita aðilar undir samning þennan í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Staður _____ og dagsetning samnings: _____

| | | | |
|--------------------|--|--------------------|--|
| Nafn | | Nafn | |
| Vottar | | | |
| Nafn og kennitala: | | Nafn og kennitala: | |